

Stjórn nemendafélags Árskóla, fundur 18. nóvember 2022

Mætt: Hulda Þórey Halldórsdóttir og Markús Máni Gröndal úr 10. bekk, Heiðís Pála Áskelsdóttir og Hilmar Örn Hreiðarsson úr 9. bekk, Kristján Leó Steinsson og Ragnheiður Anna Steinsdóttir úr 8. bekk, Emilía Ragnheiður Róbertsdóttir og Jakob Ásgeirsson úr 7. bekk og Kristbjörg Kemp, deildarstjóri unglíngastígs, sem stjórnaði fundi og skrifaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1) Kynningar á fulltrúum í stjórn nemendafélagsins.
 - 2) Fundarboð á fundi stjórnar nemendafélagsins.
 - 3) Fyrirlestrar og annað uppbrot á mið- og unglíngastigi það sem af er skólaári.
 - 4) Óskir nemenda um fyrirlesara eftir áramót og fram að vori.
 - 5) Önnur mál
-
1. Deildarstjóri og fulltrúar í stjórn kynntu sig fyrir fundarfólki.
 2. Fundarboð eru send fulltrúum í stjórn nemendafélagsins í tölvupósti á skólanetfangið þeirra. Deildarstjóri leggur áherslu á að fulltrúar í stjórn svari fundarboðum. Tölvupóstur um fundina er einnig sendur á umsjónarkennara í 7.-10. bekk.
 3. Deildarstjóri og nemendur fóru yfir helstu viðburði sem verið hafa á mið- og unglíngastigi þetta skólaárið:
 - Undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk er hafinn. 7. bekkingar heimsóttu leikskólann fyrir í vikunni og lásu fyrir nemendur fyrsta skólastígsins.
 - Lúsíuhátíð verður haldin í 6. bekk þann 8. desember nk. Þann dag heimsækja 6. bekkingar fyrirtæki og stofnanir og enda á að syngja Lúsíusöngva og jólalög fyrir fjölskyldur sínar og aðra gesti í skólanum.
 - Forvarnardagur var haldinn hátíðlegur í 9. bekk í október. Þann dag fengu nemendur fræðslu um ýmis málefni sem varða þá og unnu verkefni þeim tengd. Áhersla dagsins var á mikilvægi samveru með fjölskyldu og þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi.
 - Forvarnafulltrúi lögreglunnar komi í heimsókn í alla árganga unglíngastígs í lok október. Áhersla var lögð á umferðarmál, hjól og hjálma.
 - Geðlestin var á unglíngastigi Árskóla þann 16. nóv. sl. Þar voru fulltrúar frá Geðhjálp og Rauða Krossinum, sem ræddu við nemendur og starfsfólk. Hjálparsími RKÍ 1717 var rækilega auglýstur og nemendur hvattir til að leita sér aðstoðar við allt það sem kann að vera að angra þá og valda þeim vanlíðan. Tónlistarmaðurinn Flóni flutti nokkur lög í lokin auk þess sem hann gaf nemendum góðan tíma til að taka myndir af

sér og þeim. Dagskránni lauk með því að hann tefldi við nemanda í 9. bekk og þurfti að láta í minni pokann fyrir honum.

- Starfamessa verður í FNV 22. nóv. nk. Þar verða kynntar um 30 náms- og starfsleiðir í iðn-, tækni- og verkgreinum með áherslu á tækifæri sem standa nemendum á Norðurlandi vestra til boða.
- Friðargangan verður gengin frá skóla að kirkju föstudaginn 25. nóv.
- Í desember vinna nemendur, undir stjórn dönskukennaranna sinna, að dönsku jólaþema. Að því tilefni verður Opið hús í skólanum 15. desember frá kl. 10:00 til 12:00. Stefnt er að því að spila félagsvist á Þekjunni í desember. Auk þessa verður hefðbundin jóladagskrá með jólakortagerð og skreytingum í skólanum.

4. Nemendur veltu fyrir sér hvað þeir vildu helst sjá á dagskrá eftir áramót:

- Rætt um tækifæri fyrir 7. bekk til að koma í heimsókn og kynnst Þekjunni. Frímínútur, í vinaliðaleikjum í íþróttahúsi eða uppi á göngum, eru taldar ákjósanlegur vettvangur og nemendur á því að það sé eitthvað sem gæti verið skemmtilegt fyrir 7. bekkina að prófa í auknum mæli.
- Ósk um að fá aukna fræðslu um andlega heilsu. Jafnvel fræðilega um sjúkdóma, meðferð og eftirfylgni. Nemendur myndu vilja fræðast meira um jafnréttismál og síðast en ekki síst óska þeir eftir átaki í vímuefnafræðslu. Nokkur umræða um hvernig sú fræðsla ætti að vera.
- Áhugi á að fá Þorgrím Þráinsson í skólann með vorinu.

Önnur mál:

Undir þessum lið var rætt um aukið ofbeldi meðal barna í samfélaginu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið,

Kristbjörg